

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2015, fimmtudagurinn 9. apríl, var haldinn 133. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn Vesturgarði og hófst kl. 12.08. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Marta Guðjónsdóttir, Kjartan Magnússon, Gréta Björg Egilsdóttir. Einnig sátu fundinn þau Sigbrúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist

1. Staðan á máli Þorrasels, mál frá síðasta fundi: Rædd voru mál Þorrasels sem fyrirhugað að færi sína starfsemi sína yfir í Vesturgötu.

Tillaga frá sjálfstæðismönnum:

Hverfisráð Vesturbæjar skorar á borgarstjóra og borgarstjórn að tryggja að Þorrasel, dagdeild fyrir aldraða, verði áfram rekið í núverandi mynd að Þorragötu 3.

Tillaga sjálfstæðismanna var borin undir atkvæðagreiðslu sem féll á jöfnu, tvö atkvæði sjálfstæðismanna gegn tveimur atkvæðum Samfylkingarmanna.

Bókun Samfylkingar og áheyrnarfulltrúa Framsóknar- og flugvallarvina:

Meirihluti Samfylkingar ásamt áheyrnarfulltrúa Framsóknar og Flugvallarvina í hverfisráði Vesturbæjar geta ekki tekið undir áherslurnar sem fram koma í tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Lögð er áhersla á að heildarumfang þjónustu við eldri borgara minnki ekki í Vesturbænum. Ef þjónustan verði flutt frá Þorraseli að Vesturgötu 7 er mikilvægt að húsnæðið að Þorragötu verði áfram notað í þágu velferðarþjónustu fyrir eldri borgara. Þá er mikilvægt að opnu félagsstarfi verði ekki bolað út. Komi miðstöð heimaþjónustu og heimahjúkrunar inn í húsnæðið við Þorragötu muni íbúar þar njóta góðs af því. Við teljum að til skemmri tíma séu áform Velferðarsviðs til góðs en ljóst er að standa þarf fyrir mikilli frekari uppbyggingu á þjónustu og er Velferðarsvið hvatt til að gaumgæfa betur hugmyndir um að byggja við Þorrasel og byggja þar með upp sterkari þjónustumiðstöð þar.

Bókun KM og MG, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Við hörmum að fulltrúar Samfylkingarinnar í hverfisráði Vesturbæjar skuli fella tillögu Sjálfstæðisflokksins um að Þorrasel, dagdeild fyrir aldraða, verði áfram rekið í núverandi mynd að Þorragötu 3 og að horfið verði frá þeirri hugmynd að starfsemin víki fyrir skrifstofuhúsnæði. Ljóst er að núverandi húsnæði við Þorragötu hentar að mörgu leyti betur fyrir rekstur dagdeildarinnar, t.d. vegna aðstöðu til útivistar og aðkomu bifreiða, en núverandi húsnæði félagsstarfs eldri borgara að Vesturgötu 7. Einnig er ljóst að ef fyrirhugaður flutningur verður að veruleika, verður starfsemi félagsstarfs eldri borgara að Vesturgötu 7 stórlega skert og jafnvel lögð niður og þátttakendum þar vísað annað. Verður ekki séð að það sé skynsamleg ráðstöfun að skerða þannig umrædda þjónustu í Gamla Vesturbænum þegar fyrirséð er að fjöldi eldri borgara muni tvöfaldast á næstu 15-20 árum. Þá hafa komið fram ábendingar um að Reykjavíkurborg kunnri að vera óheimilt að breyta notkun nefnds húsnæðis að Þorragötu 3 án samþykkis húsfélagsins að Þorragötu 5, 7 og 9, sem hefur lýst sig andvíggt umræddum fyrirætlunum Reykjavíkurborgar.

2. Samfok, óskir um styrk til Hverfisráðs: Samþykkt að styrkja Samfok um 40.000 kr.
3. Félagsmiðstöðin Vesturreitir Aflagranda, óskir um styrk fyrir vorhátíð. Samþykkt að styrkja Vesturreiti um 40.000 kr.

4. Frostaskjól óskir um styrk v/sumardagsins fyrsta fyrir hönd samstarfsaðila: Samþykkt að styrkja verkefnið um 80.000 kr.
5. Strætó í Vesturbæ - Gæti Strætisvagnaleið um Vesturbæinn þjónað frístundastarfi betur?

Bókun hverfisráðs Vesturbæjar:

Hverfisráð Vesturbæjar vill standa að því að skoðað verði betur hvernig mætti haga frístundaakstri Strætó um hverfið. Leitað verði samráðs við íbúa með opnum fundi, íbúasamtökum verði sent erindi og forsvarsmenn íþróttá- og tómstundafélaga í hverfinu taki þátt í samráði um leiðaval og aksturstíma. Markmiðið verði að almennur akstur strætó innan hverfisins geti þjónað þörfum barna, foreldra og fleiri samfélagshópa með betri hætti en nú er. Formaður vinnur að málinu milli funda í samráði við aðra ráðsmenn.

6. Lóðaskilgreining, Keilugrandi 1:

Lögð fram tillaga Sjálfstæðisflokks frá síðasta fundi:

Hverfisráð Vesturbæjar skorar á borgarráð og umhverfis og -skipulagsráð að sjá til þess að lóðin Keilugrandi 1 verði skilgreind sem íþróttá- og útivistarsvæði og að hún verði öll nýtt í þágu íþróttá- og æskulýðsstarfsemi í Vesturbænum í samvinnu við Knattspyrnufélag Reykjavíkur.

Svohljóðandi breytingartillaga samþykkt.

Hverfisráð Vesturbæjar skorar á borgarráð og umhverfis og -skipulagsráð að sjá til þess að lóðin Keilugrandi 1 verði skilgreind sem íþróttá- og útivistarsvæði og að hún verði að hluta nýtt í þágu íþróttá- og æskulýðsstarfsemi í Vesturbænum í samvinnu við Knattspyrnufélag Reykjavíkur.

Bókun sjálfstæðismanna

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins áréttu að þeir telja mikilvægt að lóðin Keilugrandi 1 verði öll nýtt í þágu íþróttá- og æskulýðsstarfsemi í Vesturbænum í samvinnu við KR en fallast á ofangreinda breytingartillögu í ljósi aðstæðna.

7. Framkvæmdir við Einarsnes:

Tillaga sjálfstæðismanna:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að kannað verði hvort möguleiki sé á því að setja hitalögn í gangstétt og hjólastíg sem verið er að leggja við Einarsnes. Óskað er eftir því að erindið verði sent til Umhverfis- og skipulagsráðs sem fyrst þar sem framkvæmdir eru í þann mund að hefjast að nýju.

Tillagan var samþykkt samhljóma.

Fundi slitið kl. 13.45

Sverrir Bollason (sign)

Teitur Atlason (sign)
Marta Guðjónsdóttir (sign)

Kjartan Magnússon (sign)